



# REGLUGERÐ ÍSÍ UM FJÁRREIÐUR

## I. kafli Almenn ákvæði

### 1. gr.

Reglugerð þessi er nánari útfærsla á gildandi bókhaldslögum, skattalögum og lögum um ársreikninga. Reglugerðin tekur til lögaðila innan íþróttahreyfingarinnar, þ.e. sérsambanda, ungmennafélaga, íþróttahéraða og íþróttafélaga og er bindandi fyrir þá með sama hætti og lög Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Með aðila er átt við alla ofangreinda lögaðila innan íþróttahreyfingarinnar.

### 2. gr.

Aðilar skulu árlega semja ársreikning sem skal að lágmarki geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og skýrslu stjórnar. Við hvern lið í rekstrar- og efnahagsreikningi skal sýnd samsvarandi fjárhæð fyrra reikningsárs til samanburðar. Einnig skal vera samanburður rekstrarreiknings við áætlun. Deildaskipt íþróttá- og ungmennafélög skulu semja rekstrarreikning einstakra deilda og aðskilja rekstur barna- og unglíngastarfs annars vegar og afreksstarfs hins vegar. Greina ber frá liðum utan efnahagsreiknings í skýringum, svo sem ábyrgðum og samningum sem leiða til kostnaðar í framtíðinni. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð og framsetningu ársreikningsins.

### 3. gr.

Aðalstjórn aðila ber ábyrgð á að skráning hans og deilda hans hjá Ríkisskattstjóra (RSK) sé rétt. Aðalstjórn skal skila lögum aðila og öllum síðari breytingum á þeim, staðfestum af ÍSÍ, til RSK og tryggja að við stjórnarskipti sé tilkynnt um nýja stjórn, prókúruhafa og raunverulega eigendur ef við á. Einnig skal aðalstjórn kanna aðgangsheimildir að bankareikningum aðila og allra deilda hans og leiðréttu ef við á.

### 4. gr.

Aðilar skulu fylgja öllum opinberum ákvæðum um greiðslu skatta og atvinnurekendagjalda. Einnig ber aðilum að afhenda skattyfirvöldum allar upplýsingar varðandi launa- og verktakagreiðslur sem óskað er eftir.

### 5. gr.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum og innra eftirliti aðila og einstakra deilda ef þær eru fyrir hendi.

### 6. gr.

Aðilum er óheimilt að setja lottótekjur sem tryggingu fyrir skuldbindingum sínum. Einnig er aðilum óheimilt að ábyrgjast lán fyrir þriðja aðila.



## **II. kafli** **Fjármálastjórn o.fl.**

### **7. gr.**

Aðilar skulu gera fjárhagsáætlun fyrir hvert reikningsár. Í fjárhagsáætlun skal koma fram hvernig fjármunum aðila skuli ráðstafað og hvernig þeirra skal aflað. Fjárhagsáætlun skal samþykkt á aðalfundi/ársþingi. Í deildaskiptum íþrótta- og ungmennafélögum skulu fjárhagsáætlanir deilda samþykktar af aðalstjórn. Aðalstjórn félags ber jafnframt ábyrgð á því að fjárhagsáætlunum deilda sé fylgt en deildum er óheimilt að skuldbinda félagið umfram það sem samþykktar áætlanir gera ráð fyrir.

### **8. gr.**

Varanlega rekstrarfjármuni og lausafé ber að varðveita á sem bestan hátt og gæta skal að því að þessar eignir séu vátryggðar með eðlilegum hætti.

### **9. gr.**

Áður en aðili ræðst í framkvæmdir skal lögð fyrir aðalstjórn áætlun um framkvæmdakostnað til samþykktar. Í áætluninni skal koma fram hvernig fjármagna eigi framkvæmdina auk nákvæmrar kostnaðaráætlunar. Aðalstjórn skal fylgjast með framkvæmdum og bera reglulega saman áætlun við raunverulega áfallinn kostnað og innkomið fjármagn og endurmeta áætlunina ef þörf krefur.

### **10. gr.**

Lántökur aðila eru háðar samþykki aðalstjórnar. Áður en aðalstjórn samþykkir lántöku í nafni aðila skal hún kanna hvort hann getur staðið við þær skuldbindingar sem felast í lántökunni. Gjaldþaga lána skal getið í ársreikningi.

### **11. gr.**

Verði meiriháttar breytingar á fjárhagslegri stöðu aðila frá því að reikningum er lokað þar til aðalfundur/ársþing fer fram, skal gera grein fyrir því á viðkomandi aðalfundi/ársþingi.

### **12. gr.**

Aðilar skulu aðskilja í reikningum sínum fjárreiður yngri iðkenda (barna- og unglingastarf) svo og eldri iðkenda (afreksstarf). Við færslu bókhalds ber að aðskilja rekstur yngri flokka frá rekstri eldri flokka þannig að gera megi sérstakan rekstrarreikning fyrir hvorn hóp um sig.

## **III. kafli.** **Færsla bókhalds**

### **13. gr.**

Allar tekjur og gjöld sem tilheyra viðkomandi reikningsári skal færa á það ár. Ekki skal þó færa óinnheimt félagsgjöld eða æfingagjöld til tekna nema fyrir liggja á uppgjörssdegi að þau muni innheimtast.





#### **14. gr.**

Færslur tekna og gjalda á að staðfesta með dagsettum frumritum/fylgiskjölum, þar sem allar nauðsynlegar upplýsingar koma fram. Formaður aðila skal samþykka viðkomandi kostnað með áritun sinni á fylgiskjalið eða sá sem til þess hefur umboð. Samþykktin veitir heimild til að færa kostnaðinn í bókhald aðila og til greiðslu viðkomandi reiknings.

#### **15. gr.**

Bókhald og fylgiskjöl skal varðveita á aðgengilegan og öruggan hátt í að minnsta kosti sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs skv. 20. grein laga um bókhald nr. 145/1994.

#### **16. gr.**

Bókari skal stemma af bankareikninga, kortareikninga, laun og launatengd gjöld, skuldunauta og lánadrottna reglulega yfir árið og færa það sem á milli ber.

#### **17. gr.**

Ef rangt er fært vegna mistaka skal fyrst bakfæra röngu færsluna og færa síðan til bókar rétta færslu.

#### **18. gr.**

Bókhaldsár spannar 12 mánuði. Notast má við styttri eða lengri tíma (aldrei meira en 18 mánuði) á fyrsta starfsári aðila eða ef/þegar lengd bókhaldsársins er breytt. Mælt er með því að bókhaldsár sé almanaksárið þó svo það sé ekki bundið í reglugerð þessari.

#### **19. gr.**

Stjórn og framkvæmdastjóri aðila skulu árita ársreikninginn. Sömuleiðis skoðunarmenn eða endurskoðendur eftir því sem við á samanber 32. til 35. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 og samþykktir félags (félagslög). Ársreikningur skal lagður fram og afgreiddur á aðalfundi/ársþingi.

### **IV. kafli**

#### **Framsetning reikningsskila (bókhaldslyklar)**

#### **20. gr.**

Við framsetningu reikningsskila (ársreiknings) skal styðjast við samþykta bókhaldslykla ípróttahreyfingarinnar sem eru fylgiskjal með reglugerð þessari, sbr. 21. gr. Deildaskipt ípróttta- og ungmennafélög skulu gera reikningsskil þar sem fram koma heildareignir og heildarskuldir aðalstjórnar og allra deilda, auk sérstakra reikningsskila fyrir hverja deild. Ársreikningur sérsambands skal innihalda sundurliðun gjalda vegna afreksstarfs sérsambandsins.

### **V. kafli**

#### **Gildistaka o.fl.**

#### **21. gr.**





Framkvæmdastjórn ÍSí skal sjá til þess að á hverjum tíma séu til uppfærðar leiðbeiningar um færslu bókhalds (leiðbeiningar ÍSí um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar) og samræmdir bókhaldslyklar fyrir íþróttahreyfinguna sem skulu vera fylgiskjöl með reglugerð þessari.

**22. gr.**

Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. desember 2024

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí  
21. nóvember 2024**

